

Ábyrg kolefnisjöfnun

Niðurstöður úr vinnustofu 2 þann 4. mars - Óskakerfið; tilgangur, virði, innviðir og áskoranir:

Tilgangurinn er að skapa traust um ábyrga kolefnisjöfnun, hafa samræmi við alþjóðleg viðmið hér á landi og tryggja rekjanleika, gagnsæi og áreiðanleika í kolefnisjöfnun, binding og samdrátt losunar. Tilgangurinn er einnig að skapa skilning og sátt um mismunandi aðferðir kolefnisbindingar og koma í veg fyrir grænþvott.

Virði kerfisins felst í því að til verður traustur markaður með kolefniseiningar þannig að íslenskir aðilar sem nú kaupa vottaðar einingar erlendis, hafi möguleika á því að fjárfesta í íslenskum innviðum. Kröfur sem eru samræmdar alþjóðlegum viðmiðum gefa einnig möguleika á því að aðgengi að erlendum mörkuðum opnist. Með traustu og samræmdu kerfi stækkar markaðurinn og íslensk náttúra nýtur góðs af. Með því gefast einnig möguleikar til nýsköpunar. Traust og samræmt kerfi gerir alla ferla skýrari svo bæði framleiðendur og kaupendur verja minni tíma í að framkvæma þá þætti sem þörf er á við bindingu eða mælingu á losun. Minna flækjustig eykur líkur á að fleiri muni vilja taka þátt. Það er ávinningur fyrir stjórnvöld að reikna staðlaða kolefnisjöfnun eða samdrátt losunar sem hluta af kröfum sem við höfum skuldbundið okkur til að uppfylla á alþjóðavettvangi.

Innviðir kerfisins samanstanda af framleiðendum, kaupendum, vottunaraðilum og stjórnvöldum, samræmdu kröfusetti fyrir framleiðendur annarsvegar og kaupendur hinsvegar, auk miðlægrar skráningar. Miðlæg skráning þyrfti að halda utan um væntar og virkar (vottaðar) einingar, viðskipti með þær og afskráningu. Ýmsir aðrir hagaðilar voru nefndir til leiks s.s. milliliðir um viðskipti með einingar, Staðlaráð, Loftslagsráð, Neytendastofa og hagsmunasamtök af ýmsu tagi. Hlutverk framleiðenda og kaupenda er að uppfylla viðmið sem sett verða. Mikilvægt er að vottunaraðilar búi yfir nægjanlegri sérþekkingu á kolefnisbindingu og mælingum á samdrætti losunar til að geta vottað að kröfur og viðmið séu uppfyllt með faggildum hætti. Hlutverk stjórnvalda er enn örlítið óljóst en skýrt kom fram að kerfið þurfi jákvæðan stuðning frá hinu opinbera, endurskoða þarf lög um loftslagsmál og miða við CDM (e. Clean Development Mechanism) og ETS (e. Emissions Trading System) til að tryggja að viðmið séu skýr, kröfur séu skilgreindar og leikreglur skiljanlegar.

Virknin í kerfinu þarf að vera þannig að nægjanlegt rými verði fyrir framleiðendur til að halda áfram sínu góða starfi en einnig að pláss verði fyrir nýsköpun á þessum vettvangi. Kaupendur þurfa að geta borið saman mismunandi tegundir eininga til að uppfylla sínar þarfir, ýmist um jöfnun eða bindingu. Yfirlýsingar fyrirtækja um kolefnisjöfnun og -bindingu eða samdrátt þurfa að byggja á samræmdum mælingum og leikreglum. Viðskipti með kolefniseiningar þurfa að fara fram með miðlægum, gagnsægjum og ábyrgum hætti þannig að komið sé í veg fyrir tvítalningu. Væntar og virkar einingar þurfa að geta gengið kaupum og sölum og þær þarf að afskrá þegar þær hafa verið keyptar til jöfnunar. Upplýsingagjöf þarf að verða skilvirk og mikil því hún er forsenda trúverðugleika.


Áskoranir sem blasa við tengjast fjármögnun, skilningi og aðkomu stjórnvalda, samhæfingu aðila, fræðslu og verkaskiptingu.



Tilgangur: Tryggja sátt, samræmdan skilning, traust og trúverðugleika, tryggja sambærileika vara, auka hagkvæmni, árangur og nýsköpun, koma í veg fyrir grænþvott, minnka losun, svara eftirspurn eftir íslenskum einingum,

Virði kerfisins: Sammælt ferli og stöðlun minnkar kostnað, viðurkennt kerfi stækkar markaði, fjárhagslegur ávinningur, ímyndarlegur ávinningur

Aðrir hagaðilar og hlutverk þeirra:



<p>Ríkið: Endurskoðun á lögum um loftslagsmál til að skerpa á kröfum/ramma/umfangi og koma á hvatakerfi til þátttöku</p>	<p>Vottunaraðilar: Oháður þriðji aðili sem staðfestir að það sé gert eða hafi verið gert sem aðili heldur fram, uppfyllir aðferðarfræði, hefur framleitt eiginlega einingu, mælt losun með viðurkenndum hætti o.s.frv.</p>	<p>Hönnuðir kerfis: Skuldbinding til þátttöku, tryggja svigrúm fyrir nýsköpun og að skilgreiningar á kröfum við framleiðslu, vottun og mælingu losunar séu í samræmi við alþjóðlegar aðferðir</p>
<p>Ríkið: Margvíslegur stuðningur og viðurkenning á verkefnum til að styðja við nýsköpun og uppbyggingu viðskiptatækifæra hérlandis</p>	<p>Milliliðir um kaup og sölu eininga: Aðili sem taka að sér milligöngu milli kaupenda og seljanda og að hafa samskipti við Loftslagsskrá þannig að viðskiptin séu örugg og gagnsæ</p>	
<p>Ríkið: Reglusetning um Loftslagsskrá</p>	<p>Loftslagsráð: Ráðgjöf, upplýsingagjöf</p>	<p>Fræðsluaðilar: Tryggja skilning almennings á málefnum til að auka traust til kerfisins</p>
<p>Ríkið/framleiðendur/ aðrir: Lobbyismi á erlendum vettvangi til að tryggja viðurkenningu á framleiddum einingum og þar með aðgengi að erlendum mörkuðum</p>	<p>Staðlaráð: Vettvangur samráðs, þeirra sem hagsmunu hafa að gæta af stöðlun</p>	<p>Neytendastofa: Eftirlit með réttmætum viðskiptaháttum og grænþvotti</p>